

Magnús Tumi Guðmundsson
Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja
Sturlugötu 7
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 6. júní 2016
UST201605-254/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi - ferð í Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Magnús Tuma Guðmundssonar, Háskóla Íslands, dagsett 31. maí 2016 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar í einn dag á tímabilinu 7-12. júní vegna vettvangsferðar til að kanna hvernig best sé að haga fyrirhugaðri vísindaborun í eyjunni haustið 2017 en umsókn um leyfi til borunar hefur verið sent til Umhverfisstofnunar.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:

Tilgangur ferðarinnar er að kanna hvernig best er að haga vísindaborun SUSTAIN verkefnisins sem sótt hefur verið um leyfi fyrir haustið 2017. Ráðgert er að heimsækja fimm staði í eyjunni. Staðsetning 1) Pálsbæ og svæðið norðan hans – til að kanna aðstæður fyrir uppsetningu á aðstöðu meðan á borun stendur. Staðsetning 2) Borholu frá 1979: Til að mæla hitastig í holunni og taka vatnssýni til undirbúnings rannsókna í nýjum borholum. Staðsetning 3) Næsta umhverfi borholu frá 1979 (ca. 20-30 m radíus um holu) til að kanna fyrirkomulag og undirstöður undir borpall og hentugt fyrirkomulag eldsneytisgeymslu, skolvatnskara og annarrar aðstöðu kringum borinn. Staðsetning 4) Tanginn sunnanverður og gönguleiðin frá Pálsbæ að honum, til að kanna hvernig best sé að koma fyrir dælu og röri fyrir töku vatns vegna borunar. Staðsetning 5) Austur og Vesturbunki: Safna lausu bergbroti sem notað verður í tilraunir á myndun gjóski. Gert er ráð fyrir tekin verði 25-50 kg. Fyrir tilraunir af þessu tagi þarf kristallað berg, helst myndað í gangi á litlu dýpi. Ástæðan fyrir tímasetningunni er að borstjórinn getur ekki komið á öðrum tíma vegna verkefna annarstaðar í heiminum. Ekki verður farið út á hraunið eða á sunnanverða eyjuna, þ.e. sunnan Pálsbæjar. Reiknað er með að hópurinn verði í eyinni í 6-7 tíma. Leiðangursmenn eru átta auk þyrluflugmanns og er reiknað með að ferja þurfi hópinn í tveimur ferðum út í eyjunna.


Áhrifamat:


Í friðlýsingu Surtseyjar er tekið fram að ekki skuli heimila ferðir til Surtseyjar á varptíma fugla nema í undantekningartilfellum. Í erindi umsækjanda er tekið sérstaklega fram að ekki sé hægt að fara á öðrum tímum ársins þar sem borstjórinn sé upptekin vegna annara verkefna. Þá er ekki ráðgert að fara nærri máfavarpinu eða öðrum viðkvæmum varpstöðvum fugla. Að mati Umhverfisstofnunar mun ferðinn því ekki hafa mikla truflun í för með sér.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í einn dag á tímabilinu 7-12. júní 2016:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
 - Magnús Tumi Guðmundsson, HÍ
 - Andri Stefánsson, HÍ
 - Hanna I Reynolds, HÍ
 - Kristján Jónasson, NÍ
 - Viggó Þór Marteinsson, Mátis
 - Tobias B. Weisenberger, Ísor
 - Marie Jackson, University of Utah, leiðtogi SUSTAIN verkefnis
 - Dennis Nielson, DOSEEC borverktaki
 - Jón Kristinn Björnsson, þyrluflugmaður, Norðurflugi
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Heimilt er að taka 25-50 kg af bergi úr eyjunni úr lausu grjóti sem veðrun og rof hefur losað og liggur í brekkunni neðan við berggang í austanverðum Austurbunka til notkunar í tilraun á myndun gjósku.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur